



**Kveðja
frá
forseta Íslands
Ólafi Ragnari Grímssyni**

Kötlumót sunnlenskra karlakóra hafa verið glæsilegur vitnisburður um ríkulega sönghefð sem hefur til að bera frjóa endurnýjun og á sér djúpar rætur í menningu þjóðarinnar og mannlífi byggðanna.

Karлакórar hafa jafnan kappkostað að flytja perlur íslenskrar tónlistar, ljóð og lög sem snerta strengi ættjarðarástar eða túlka virðingu okkar fyrir náttúrunni, fegurð landsins. Kórsöngurinn átti virkan þátt í mótun sjálfstæðisvitundar sem knúði baráttuna sem að lokum leiddi til stofnunar Lýðveldis á Þingvöllum við Öxará.

Karлакórar hafa á síðari árum orðið vettvangur fyrir frumflutning á verkum tónskáldanna – og oft greinilegt að höfundum finnst ögrandi að láta reyna á þanþolið sem í röddunum býr.

Þannig hefur hluti þeirra nýsköpunar sem ríkulega hefur einkennt íslenskt tónlistarlíf farið fram á vettvangi kóranna jafnframt því sem þeir hafa verið flytjendur erlendra verka, bæði klassískra og úr samtímanum.

Kötlumótið á Flúðum birtir okkur alla þessa eiginleika. Kórararnir syngja í reynd fyrir okkur öll, hljómurinn ýmist þungur eða léttur og leikandi, raddirnar túlka tilfinningar sem búa í brjóstum okkar.

Í agaðri sönggleðinni skynjum við ánægjuna sem þátttakan og þjálfunin veitir kórfélögum. Þeir vita að kórsöngur er ekki aðeins listræn tjáning heldur líka félagsskapur, bræðralag.

Á tímum hraðfara breytinga, þegar öldur nýrra áhrifa skella á okkur úr öllum áttum, eru samkomur kórfélaga, tónleikarnir, vitnisburður um staðfestu, samhengi í menningu okkar og listalífi; sönnun þess að byggðirnar búa enn að miklum styrk.

Kötlumótið er einmitt vettvangur slíkrar gleði og ég óska öllum, kórfélögum og áheyrendum, góðrar skemmtunar.

(undirskrift forseta)